

1866.

30. nóvbr.

90. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um heiðurspening handa frakkneskum skipstjóra fyrir að hafa bjargað útlenskum sjómönnum úr lífsháska.

Samkvæmt þegnlegum uppástungum dómsmálastjórnarinnar hefir hans hátign konunginum þóknast 10. þ. m. allramildilegast að veita Louis Joseph Mathoré, skipstjóra frá Dunkerque, heiðurspening, ætlaðan til að bera hann á brjóstinu, fyrir að hafa bjargað í aprílmánuði þ. á. skipshöfninni á íslenskum fiskibáti, sem kominn var í lífsháska á sjó.

Þetta er yður hér með kunngjört, herra stiptamtmaður, og skal því við bætt, að utanríkisstjórninni hefir verið sendur hëðan heiðurspeningur sá, sem sleginn hefir verið af þessu tilefni, til þess að hún rádstafi honum frekar.

10. desbr.

91. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um alþingistoll af gjaldi af þurrabúðum og af eyðieyjum.

Eins og vikið er á í bréfi dómsmálastjórnarinnar 17. febrúarmán. þ. á., var amtmanninum yfir norður- og austurumdæminu, og amtmanninum yfir vesturumdæminu, skrifað til um, hvernig þeim virtist eiga að svara spurningum þeim, sem þær, herra stiptamtmaður, höfðuð borið upp í bréfi yðar, dags. 20. októbermán. f. á., en þær voru þessar:

1. hvort að eigi að reikna alþingistoll af leigu þeirri eða afgjaldi, sem þurrabúðarmenn gjalda eiganda jarðar þeirrar, þar sem hús þeirra eru byggð, og
2. hvort að eigi að setja eyðieyjar, sem hafa verið metnar í einu lagi með einhverri jörð og þess vegna enginn dýrleiki er á útaf fyrir sig, í alþingistoll sér, þegar þær ekki eru leigðar ásamt með jörð þeirri sem þær liggja undir, en eigandinn hefir sjálfur notin af þeim.